

## Fundargerð aðalfundar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala í Hafnarfjarðarkirkju 26. maí 2016.

Fundurinn hófst kl. 17.05.

Formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala Steinunn Guðnadóttir kynnti sig og bauð fundarmenn velkomna. Formaður stakk uppá Þórði Helgasyni stjórnarmanni sem fundarstjóra og Elísabetu Ólafsdóttur í varastjórn sem fundarritara.

1. Formaður Steinunn Guðnadóttir kynnti skýrslu stjórnar og verður hún send til félagsmanna.
2. Stefanía Ámundadóttir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins og lagði þá fram til samþykktar. Voru þeir samþykktir samhljóða.
3. Árni Sverrisson kynnti breytingar á samþykktum félagsins. Breytingar voru eftirfarandi 7. grein, lið 6 bætt við, 6 a). Kosning formanns b). Kosning 5 fulltrúa í aðalstjórn c). Kosning 5 fulltrúa í varastjórn d). Kosning skoðunarmanna (endurskoðenda). 8. grein, bætt við, Meirihluti stjórnar þarf að skrifa undir meiriháttar skuldbindingar félagsins svo að gilt sé. 11. grein bætt við, samþykki  $\frac{3}{4}$  fundarmanna. Breytingar á samþykktum félagsins samþykktar.
4. Ákvörðun félagsgjalds. Borin fram tillaga um kr. 1.000 í árgjald, samþykkt.
5. a). Kosning formanns Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala. Steinunn Guðnadóttir sitjandi formaður gefur kost á sér, samþykkt. b). Kosning aðalstjórnar, tillaga um Stefaníu Ámundadóttur, Guðrúnu Bryndísi Karlsdóttir, Ingvar Árna Sverrisson og Þórð Helgason, samþykkt. c). Kosning varastjórnar, tillaga um Lýð Árnason, Elísabetu Ólafsdóttur, Ólöfu Guðnýju Geirsdóttur, Ólaf Bjarnason og Katrínu Sif Sigurgeirsdóttur, samþykkt.
6. Kosning skoðunarmanna, tillaga um Hafsteinn Þórðarson og Ámunda Ólafsson, samþykkt.
7. Framtíðarnotkun sjúkrahússins.  
Bæjarfulltrúarnir Guðlaug Kristjánsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir kynntu áherslur Hafnarfjarðarbæjar. Í máli þeirra kom m.a. fram, að í samstarfssáttmála meirihlutans sé vilji til þess að hefja aftur heilbrigðisstarfsemi á sjúkrahúsinu í samstarfi við hagsmunaaðila. Væri verkefnið sameiginlegt milli bæjarins og heilbrigðisgeirans. Ríkið sem er meirihlutaeigandi hefur aðra sýn á málið en Hafnarfjarðarbær. Fasteignir ríkisins ráða yfir byggingum St. Jósefsspítala og er afstaða ríkisins sú að reyna að fá sem mest fyrir þær. Tilboðum sem bárust í fasteignirnar var hafnað. Minjavernd styður við að koma starfi í húsin. Hafnarfjarðarbær hefur falið bæjarstjóra að leysa til sín

fasteignirnar frá ríkinu. Hafnarfjarðarbær vill gera kvaðir varðandi notkun fasteignanna, þ.e. að starfsemi verði fyrir nærsamfélagið. Hugsanlega verður stofnuð valnefnd um starfsemi í fasteignunum þegar Hafnarfjarðarbær fær forræðið. Deiliskipulag kemur í veg fyrir að hvað sem er geti farið inn í húsin. Fyrirspurnir úr sal, hvað á ferlið (að leysa fasteignirnar til sín) að taka langan tíma? Guðlaug svaraði nokkrar vikur. Fyrirspurn Steinunn, fer bærinn fram á bætur fyrir búnaðinn? Guðlaug svaraði, hvað það ekki vera, en að það væru fordæmi úr öðrum sveitarfélögum vegna fasteigna og nefndi hún Ísafjörð sem dæmi. Fyrirspurn Steinunn, nýtist mappa Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala í vinnuna við að leysa til sín fasteignirnar? Guðlaug svaraði líklega og bað samtökin að vera í sambandi við bæjarstjórnann vegna þessa. Fyrirspurn Hafsteinn, voru tæki St.Jó. metin til eigna Hafnfirðinga af ríkinu? Rósa svaraði að eignamat tækjanna hafi verið tekið í umræðuna við ríkið. Ámundi kom með þá ábendingu að það ætti að koma heilbrigðisstarfsemi frá ríkinu fyrir í fasteignunum og að Hafnarfjarðarbær ræki ekki heilbrigðisstarfsemi. Hvatti hann fólk til þess að flýta sér hægt við ákvarðanatöku, því hugsanlega væru breytingar í vændum í landsmálastjórnarmálum. Stefanía benti á að t.d. væri hægt að nota St. Jó. fyrir hvíldarinnlagnir og að Vífilstaðir og St. Jó. væru sambærilegar byggingar. Fyrirspurn Þórður, er til áhaldalisti yfir búnað sem var tekinn af St. Jó. ? Bæjarfulltrúar beindu spurningunni áfram til Árna Sverrissonar stjórnarmanns, sem svaraði, já listinn væri í gögnum St.Jó.sem fóru til LSH.

8. St. Jósefsspítali helstu áherslur stjórnar.

Guðrún Bryndis Karlsdóttir tók til máls og benti á að hlutverk sveitastjórna er að standa vörð um heilbrigðisþjónustu í nærsamfélaginu og í því felst 15% eignarhluti Hafnarfjarðarbæjar í spítalanum, búnaði og gjöfum frá velunnurum spítalans. Sameining St.Jó. og LSH var fyrirmynd að sameiningum sem áttu sér stað 2014 um allt land. Sameining St.Jó. og LSH hafði því áhrif á alla landsmenn. Það voru um 50 legurými á St. Jó. þegar honum var lokað. Aðgerðum á LSH fjölgaði ekki við sameininguna, þjónustan var lögð af með sameiningu. Á St.Jó. var starfsemi í fullum rekstri, sem stórnendur LSH ákváðu að leggja af. Í raun og veru snýst þetta ekki um eignarhald bygginganna heldur þjónustu við íbúa (öryggi), 15% eignarhlutinn er öryggisventill. Hollvinasamtökin voru stofnuð til að minna á ábyrgð sveitarstjórnar. Ályktun sem var samþykkt á borgarafundi Hollvinasamtakanna í maí 2014 í Íþróttahúsinu við Strandgötu var lesin upp. Síðan var ný ályktun lesin upp „Ályktun aðalfundar er að heilbrigðisstarfsemi verði endurreist í St. Jósefsspítala. Þörfin fyrir sjúkrahúsið er meiri í dag en þegar sjúkrahúsinu var lokað. Hollvinasamtökin taka undir með bæjarstjórn að Hafnfirðingar eignist þann hluta sjúkrahússins sem Hafnfirðingar eiga ekki í dag. Meta þarf lagaleg eignaaákvæði húsnæðisins og fyrrum búnaðar sjúkrahússins og þær skemmdir sem orðið hafa á sjúkrahúsinu við þá ákvörðun Heilbrigðisyfirvalda að loka sjúkrahúsinu þvert á gefin loford.“ Ályktunin var borin fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða, þrír fundarmenn sátu hjá.

9. Önnur mál. Magnús Pálsson bað um orðið, byrjaði hann á því að þakka Steinunni Guðnadóttur fyrir þann eldmóð sem hún hefur sýnt um málefni St. Jósefsspítala sem formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala. Hann sagðist vera í líknarfélagi sem

ásamt öðrum félögum gáfu um tuttugu milljónir í tækjakaup fyrir meltingardeild St.Jó. Haldið var boð fyrir gefendur af þessu tilefni í St.Jó.. Magnús sagði, ef allt þrýtur þá er hann með hóp í kringum sig sem hefur áhuga á því að stofna Heilsuhótel í fasteignum St. Jósefsspítala. Einfalt að gera fasteignirnar að Heilsuhótel og bað hann Hollvínasamtökin um að vera jákvæð um málefnið. Næstur tók til máls Hafsteinn Þórðarson, benti hann á að okkur vanti spítala. Hann hafi blendnar tilfinningar við að sjá áróður LSH sem sýna aðhlyningu sjúklinga í bílskýli og skrifstofur í gámum á sama tíma og til væri húsnæði St.Jó. sem ekki væri nýtt. Hafsteinn sagðist hafa komið í Royal Hospital í London. Þar var sambyggð húsalengja sem nýtt var sem sjúkrahús. Á milli húsanna voru rampar og stigar til að tengja húsin saman. Þegar Bretar nýta slíkt húsnæði, hvað mælir þá á móti notkun St.Jó. Þá fannst honum bágborið að senda sjúklinga úti á landi með flugi til Reykjavíkur, í stað þess að senda læknameymi á staðinn þar sem sjúkrahúsaðstaða væri fyrir hendi, og þá er sjúklingur mun nær aðstandendum. Hafsteinn varpaði fram þeirri spurningu hvort staðsetning á LSH (nýjum spítala) færi eftir staðsetningu flugvalla þ.e. Reykjavík eða Keflavík. Þar sem ein af áherslum í staðsetningarvali nýs spítala við Hringbraut væri nálægð við flugvöll. Verður LSH færður ef Reykjavíkurflugvöllur verður lagður niður?

Fundi slitið kl. 18.30.

Fjöldi fundarmanna 27.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.